



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Rekstrarleyfi Póstdreifingar ehf. fyrir
póstþjónustu**

Með vísun til laga um pósthjónustu nr. 19/2002 er Póstdreifingu ehf., kt. 550894-2389, Suðurhrauni 1, 210 Garðabæ, hér með veitt leyfi til að reka pósthjónustu sem hér segir og með eftirfarandi skilyrðum.

1. gr. Gildissvið

Leyfishafa er heimilt að reka þjónustu sem nær til móttöku, söfnunar, flokkunar, flutnings og skila á póstsendingum, með eða án utanáskriftar, sem ekki falla undir einkarétt íslenska ríkisins samkvæmt ákvæðum laga á hverjum tíma.

Íslenska ríkið hefur einkarétt á pósthjónustu vegna póstsendinga bréfa allt að 50 gr. að þyngd svo framarlega sem burðargjaldið fyrir bréfið er minna en 2,5 sinnum lægsta burðargjald sem gildir fyrir venjuleg bréf innan lands sbr. 7. gr. laga um pósthjónustu. Hið sama gildir um dreifingu innan lands á bréfum frá útlöndum innan sömu takmarkana.

2. gr. Bókhald og upplýsingaskylda

Sá þáttur leyfishafa sem leyfisbréf þetta tekur til skal vera bókhaldslega aðskilinn frá annarri starfsemi hans. Bókhaldi skal, eftir því sem við á, haga í samræmi við 18. gr laga um pósthjónustu nr. 19/2002 og reglugerð nr. 313/2005 um bókhaldslega og fjárhagslega aðgreiningu í rekstri póstrekenda.

Leyfishafi skal sæta eftirliti með starfsemi sinni og fjárhag af hálfu Póst- og fjarskiptastofnunar, eins og nánar er kveðið á um í 4. gr. laga um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003. Póst- og fjarskiptastofnun er ennfremur heimilt að grípa til úrræða sem kveðið er á um í 5. gr. laga nr. 69/2003, þ.e. að krefjast allra upplýsinga sem nauðsynlegar þykja við athugun einstakra mála. Upplýsingar þessar skulu veittar munnlega eða skriflega allt eftir ákvörðun Póst- og fjarskiptastofnunar og innan þeirra tímamarka sem hún setur.

Sem hluti af eftirliti með starfsemi leyfishafa og fjárhagsstöðu getur Póst- og fjarskiptastofnun krafist þess að hann afhendi henni ársreikninga, milliuppgjör, greinargerðir endurskoðenda leyfishafa og aðrar sambærilegar upplýsingar. Ef Póst- og fjarskiptastofnun metur fjárhagsstöðu leyfishafa slíka að honum kunni hugsanlega að vera ókleift að fullnægja ákvæðum leyfis þessa getur hún krafist umbóta á henni fyrir tiltekinn tíma.

Póst- og fjarskiptastofnun getur við rannsókn máls gert nauðsynlegar athuganir á starfsstað leyfishafa og lagt hald á gögn þegar ríkar ástæður eru til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum um pósthjónustu eða um Póst- og fjarskiptastofnun, reglum eða ákvörðunum stofnunarinnar. Við þessar aðgerðir skal fylgja ákvæðum laga um meðferð opinberra mála um leit og hald á munum.

Leyfishafi skal láta Póst- og fjarskiptastofnun í té allar þær tölfraðilegu upplýsingar sem stofnunin telur nauðsynlegt að safna í þeim tilgangi að fylgjast með þróun á póstmörkuðum, t.d. upplýsingar varðandi fjölda viðskiptavina, fjölda sendinga, fjölda kvartana, tekjur, útgjöld og fjárfestingar. Póst- og fjarskiptastofnun mun í þessum

tilgangi senda út spurningalista með reglulegu millibili og ber leyfishafa að svara þeim innan þess tíma sem Póst- og fjarskiptastofnun ákveður.

Leyfishafi skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun ef breyting er gerð á nafni leyfishafa, heimilisfangi eða fyrirsvari.

Leyfishafi skal tilkynna Póst- og fjarskiptastofnun um breytingar á eignaraðild að leyfishafa ef um er að ræða 5% hlutafjár eða meira. Leyfishafi skal veita Póst- og fjarskiptastofnun aðgang að hlutaskrá leyfishafa þegar þess er óskað.

3. gr.

Skilmálar og gjaldskrár

Skilmálar og gjaldskrár leyfishafa skulu liggja frammi á afgreiðslustöðum leyfishafa til afhendingar.

Í skilmálum leyfishafa skal m.a. koma fram opnunartími afgreiðslustaða og gæðakröfur sem leyfishafi setur sér varðandi tímamörk á afhendingu og öryggi sendinga, fyrirkomulag endurgreiðslu eða bóta ef umsamin þjónusta er ekki veitt og meginatriði reglna um lausn ágreinings varðandi þjónustuna.

Leyfishafi skal leggja fram hjá Póst- og fjarskiptastofnun breytingar á skilmálum og gjaldskrám a.m.k. fimm virkum dögum fyrir gildistöku þeirra.

4. gr.

Leynd og öryggi

Leyfishafi skal tryggja leynd og öryggi póstsendinga í samræmi við lög um pósthjónustu. Upplýsa ber alla starfsmenn og verktaka sem vinna við pósthjónustu fyrir leyfishafa um gildandi reglur varðandi leynd og öryggi.

Húsnæði póstafræðslustaða skal vera þannig að óviðkomandi aðilar eigi ekki aðgang að þeim stöðum þar sem póstur er flokkaður eða geymdur. Auk þess sem það skal tengt viðeigandi öryggiskerfum, t.d. bruna- og innbrotskerfum.

Rekstrarleyfishafi skal setja verklagsreglur um geymslu og meðferð pósts á afgreiðslustöðum þar sem fylgt er viðurkenndum aðferðum hvað varðar vinnuferli og eftirlit með þeim. Verklagsreglurnar skulu kynntar fyrir viðkomandi starfsmönnum.

5. gr.

Gjöld

Leyfishafi greiðir árlegt rekstrargjald til Póst- og fjarskiptastofnunar, sem nemur 0,25% af rekstrartekjum af pósthjónustu. Álagning rekstrargjalds fer fram eigi síðar en 15. maí ár hvert. Rekstrargjald greiðist með þremur jafnháum greiðslum. Það greiðist þannig að gjalddagi 1. ársþriðjungs er 1. júní og eindagi 15. júní, gjalddagi 2. ársþriðjungs er 1. september og eindagi 15. september og gjalddagi 3. ársþriðjungs er 1. desember og eindagi 15. desember. Sé rekstrargjald greitt eftir eindaga hverrar greiðslu reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu.

Við útgáfu leyfis þessa skal leyfishafi inna af hendi leyfisgjald að fjárhæð kr. 133.000, sbr. 39. tl. 11. gr. laga um aukatekjur ríkissjóðs nr. 88/1991.

Heimilt er að innheimta jöfnunargjald af rekstrartekjum leyfishafa á sviði alþjónustu, ef jöfnunargjald verður ákveðið með lögum sbr. 2. mgr. 28. gr. laga um pósthjónustu nr. 19/2002.

6. gr.

Breytingar á skilyrðum

Áskilinn er réttur til að breyta ákvæðum leyfisbréfs þessa eða endurskoða það í heild ef það telst nauðsynlegt vegna breytinga á lögum eða alþjóðlegum skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist. Nýtt leyfisgjald skal ekki tekið við slíka breytingu. Leiði breytingar á leyfistímanum til skerðinga á réttindum leyfishafa samkvæmt leyfisbréfi þessu öðlast hann ekki rétt til skaðabóta vegna slíkra skerðinga.

7. gr.

Afturköllun

Póst- og fjarskiptastofnun getur afturkallað leyfið ef leyfishafi stendur ekki í skilum með greiðslur gagnvart Póst- og fjarskiptastofnun, er veitt greiðslustöðvun eða verður gjaldþrota. Einnig getur Póst- og fjarskiptastofnun afturkallað leyfið ef um alvarlegt brot er að ræða á ákvæðum leyfisins, lögum um pósthjónustu, lögum um Póst- og fjarskiptastofnun, reglugerðum um pósthjónustu eða reglum settum af Póst- og fjarskiptastofnun, þó ekki fyrr en leyfishafa hefur verið gefinn kostur á að koma að athugasemdum sínum innan 30 daga frá tilkynningu Póst- og fjarskiptastofnunar varðandi brotið.

8. gr.

Lög og reglur

Um leyfisbréf þetta fer að öðru leyti samkvæmt lögum um Póst- og fjarskiptastofnun nr. 69/2003 og lögum um pósthjónustu nr. 19/2002, sbr. lög nr. 136/2002, og reglugerðum og reglum sem sett eru með stoð í þeim lögum.

Leyfishafi skal haga rekstri sínum í samræmi við alþjóðlega samninga um póstmál sem gildi hafa á Ísland.

9. gr.

Bann við framsali

Leyfishafa er óheimilt að framselja rétt sinn og skyldur samkvæmt leyfisbréfi þessu.

10. gr.

Varnarþing

Varnarþing skal vera Reykjavík vegna leyfisveitingar þessarar.

**11.gr.
Gildistími**

Leyfi þetta gildir í 10 ár frá útgáfudegi þess.

Reykjavík, 21. júní 2011

Hrafnkell V. Gíslason

Friðrik Pétursson